



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
B.t. Jóns Viðars Matthíassonar, slökkviliðsstjóra
Skógarhlíð 14
105, Reykjavík

Sauðárkrókur 6. nóvember 2024
Tilvísun: 2023023251

Efni: Framlenging brunavarnaáætlunar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) 2018 - 2023

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vísar til fyrri samskipta við SHS, dags. 21. júní 2023, varðandi framlengingu brunavarnaáætlunar slökkviliðsins. Upphaflega var gildistími áætlunarinnar samþykktur til maí 2023 og síðan framlengdur til nóvember 2024 með uppfærðum lykiltölum, á grundvelli verk- og tímaáætlunar um gerð nýrrar áætlunar.

Vinna við gerð stafrænnar brunavarnaáætlunar SHS er komin vel á veg en tafir hafa orðið við vinnuna vegna tæknilegra atriða sem tengjast gagnaskilum milli tölvukerfa HMS og SHS. Þessar tæknilegu útfærslur eru nauðsynlegar til að tryggja heildstæða og örugga innleiðingu stafrænu áætlunarinnar.

Í ljósi þess að fyrirséð er að útgáfa nýrrar áætlun mun liggja fyrir í mars 2025, hefur HMS samþykkt fjögurra mánaða framlengingu á gildistíma núverandi brunavarnaáætlunar. Tilgangur þessarar framlengingar er að tryggja áframhaldandi öryggi í brunavörnum á starfssæði SHS þar til ný áætlun tekur gildi. Framlengingin er samþykkt með þeim fyrirvara að SHS og HMS viðhaldi verk- og tímaáætlun sinni, sem felur í sér greiningarvinnu, gerð áhættumats og nauðsynlegan undirbúning við innleiðingu nýrrar brunavarnaáætlunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Hermann Jónasson, forstjóri HMS